
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Árg. 4 tbl. maí 2021

Fréttir frá Þjórsárskóla



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Föstudaginn 19. mars var árhátíðin okkar í Þjórsárskóla. Í ár var unnið með þemað ævintýri, bæði eftir H.C. Andersen og eftir Höllu Guðmundsdóttir, sem skrifaði einnig handritin og leikstýrði nemendum. Árhátíðin er skemmtilegt uppbot á skólafarfi þar sem allir leggja sitt að mörkum og vinna saman. Nemendur tóku virkan þátt í undirbúningi fyrir árhátíðina. Unnið var á stöðvum við að útbúa leikmynd, leikmuni, veggmyndir, búninga og við að æfa söngtexta og leikrit.



Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir



Skólabúðir í Reykjaskóla

Dagana 22.-25. mars fór 6. og 7. bekkur í skólabúðir í Reykjaskóla í Hrutafirði. Í skólabúðunum fylgja nemendur stundatöflu eins og í hefðbundnum skóla en verkefni eru með öðru sniði og var lagt áherslu á félagsleg tengsl, fjármál og fjöruna. Að vera í jákvæða liðinu og að velja jákvæðu leiðina var haft að leiðarljósi þessa daga og kynntust krakkarnir nemendum úr öðrum skólum frá hverjum landshluta. Eftir skipulagða kennslu fengu þau frjálstan tíma þar sem alls konar afþreying var í boði.



Allir fóru brosandi heim og þreyttir eftir lærdómsríka og skemmtilega ferð.

Dagur einhverfunnar -
Föstudaginn 9. apríl var
Alþjóðlegur dagur einhverfu. Þá
klæddumst við bláum fötum í
skólanum til þess að sýna
samstöðu þessu mikilvæga
málefni.



Páskaungar - Það ríkti mikil eftirvænting hjá nemendum í vikunni fyrir páskafrí. Valgerður á Húsatóftum kom með útungunarvél í skólann og börnin fengu að fylgjast með litlum hnoðrum skríða úr eggjum. Takk fyrir Valgerður.

Kristín Gísladóttir

Starfslokakveðja

Fullur bjartsýni tók ég til starfa sem sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps í mars 2012. Skömmu áður fékk ég símtal frá Gunnari Erni Marteinsyni þáverandi oddvita. Mér til undrunar bar hann upp erindi þessa efnis. Ég var tilbúinn í þetta ævintýri, án þess að þekkja mikið til þessa starfsvettvangs. Þetta símtal er eitt af minnistæðustu samtölum sem á hef átt á lífsleiðinni til þessa. Mér þykir vænt um það traust sem mér var sýnt með því að fela mér þetta hlutverk.

Það er ótrúlegt að síðan séu liðin meira en níu ár. Það sem stendur uppúr hjá mér er þakklæti fyrir að hafa fengið tækifæri til að takast á við þetta krefjandi verkefni. Ég hygg að það séu fá störf sem eru jafn fjölbreytt og starf sveitarstjóra. Ekki síður í smáu sveitarfélagi en stóru.

Vinnudagurinn hefur oft verið langur og hefur maður ekki talið það eftir sér. Mikill tími fór í samskipti af ýmsu tagi, flest voru þau við íbúana, þar með talda sveitarstjórnarfulltrúa. Fundir og samtöl við samstarfsfólk, stjórnendur skóla og annarra rekstrarþátta tóku eðlilega sinn tíma. Einnig hafa samskiptin við kollega í öðrum sveitarfélögum, starfsfólk stofnana svo sem ráðuneyta og annarra ríkisstofnana þurft sinn tíma.

Á þessum árum hefur ýmsu verið komið í verk. Ein fyrsta framkvæmdin á minni vakt var lagning ljósleiðara, þess mikla framfaraskrefs. Það var reyndar búið að undirbúa það verkefni vel fyrir mína tíð. Lögð hefur verið áhersla á að viðhalda fasteignum vel og miklu fé varið til þess. Fullkomin fráveituhreinsunarstöð var tekin í notkun í Brautarholti 2017. Stórt skref var stigið 2017- 18 þegar götur í báðum þettbýliskjörnunum voru lagðar malbiki, við það breyttist ásýnd hverfanna mjög til batnaðar. Skipulagsmálin hafa verið tímafrek og hafa ótal margar tillögur að breyttum deiliskipulögum tekið gildi á þessum árum. Að ónefndu nýju aðalskipulagi með gildistíma 2017-2029. Mikil vinna liggur á bak við það og er kostnaður við slík verkefni mikill.

Ég hef ekki dregið dul á það á síðustu misserum að ég hef haft áhyggjur af fjármálum sveitafélagsins. Það eru vonbrigði að standa frammi fyrir taprekstri. Rekstarniðurstaða hefur að jafnaði verið vel ásættanleg fyrir

árið 2019. Ef horft til áranna sem ég stóð vaktina, þá var tapresktur árið 2015. Öll hin árin frá 2012 til og með 2018 var rekstrarafkoma vel viðunandi. Ég hef ekki firrað mig ábyrgð á því að svona sé komið í rekstrinum. En mér hefur orðið tíðrætt um að taka þurfi nokkur skref til breytinga í þá átt að að draga úr kostnaði og styrkja tekjustofna. Ég hef áður getið um tillögur í þeim efnunum. Enn nefni ég leikskólagjöld. Launakostnaður sveitarfélagsins hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum. Inn í það spila nokkru leiti sértæk atriði á síðasta ári. Hver nemandi í leik- grunnskóla kostar mjög mikið og þar verður að nást fram einhver sparnaður. Kostnaður við hirðu og umsýslu sorps hefur verið óhugnanlegur, erfitt er að finna leiðir við að ná honum niður, og það hefur verið hik á sveitarstjórn við að færa þann kostnað yfir á íbúanna með meiri þunga en verið hefur. Rekstur fasteigna í eigu sveitarfélagsins kostar mikið. Hvað framkvæmdir varðar þá má nefna að gatnagerðarframkvæmdir urðu dýrar. Afar lítið hefur innheimst upp í þann kostnað. Á yfirstandani ári mun kostnaður við að ráða niðurlögum myglu í leikskólahúsnæði verða nokkuð sem íþyngir óhjákvæmilega.

Forsendur til að reka sveitarfélagið eru á margan hátt frekar góðar. Tekjustofnar eru góðir. Útsvarstekjur eru viðunandi, oft er getið um fasteignagjöld af virkjunum. Sem vissulega munar mikið um. Á móti kemur að framlag úr jöfnunarsjóði er fyrir bragðið minna. Sumarbústaðir eru fáir í sveitarfélaginu og tekjupóstur af þeim því litill, aðeins brot af því sem gerist í þeim efnunum víða í sýslunni. En það er kostnaðurinn sem þarf að ná niður.

Skuldsetning sveitarfélagsins er enn skikkanleg, þó hún hafi aukist nokkuð undanfarin tvö ár. En ef taprekstur verður viðvarandi þá blasir við hvert stefnir. Ef farið er í aðgerðir sem miða að því að snúa rekstrinum til betri vegar, þá er efnahagsreikningur sveitarfélagsins ekkert til að hafa áhyggjur af.

Í sveitarfélaginu eru tækifærin mörg í víðum skilningi. Það er of langt mál að telja allt upp sem í því felst. Sumum finnst kannski klysjukennt af mér að minnast á þetta. En ég meina þetta af heilum hig. Til að mynda er nú framundan mikil uppbygging í ferðþjónustu sem mun, ef öll áform ganga eftir, búa til fleiri tugi nýrra starfa á allra næstu árum í sveitarfélaginu.

Ég hef fengið nokkrar spurningar að undaförnu. Ég deili einhverjum þeirra með ykkur hér og einnig svörum við þeim. 1. Ertu kominn á biðlaun? Nei ég fæ ekki biðlaun. Ég sagði upp sjálfur. Á inni orlofsdaga sem ég fæ greidda á næstu tveimur mánuðum. 2. Var þrýst á þig að segja upp. Nei, þetta er alfarið mín ákvörðun. 3. Ertu búinn að finna þér annað starf? Nei, ekki þegar þetta er ritað. En ég hef tekið að mér nokkur verkefni sem ég duga mér í 2-3 vikur. 4. Er heilsan í lagi hjá þér. Já, það er það sem mestu máli skiptir. Heilsan er virkilega góð, betri en hún hefur verið í mörg ár. Það er viðsnúningur frá því sem var fyrir ári síðan. Þá hafði ég áhyggjur af heilsufarinu.

Nú er kaflanum í minni lífsbók lokið sem fjallar um starf sveitarstjóra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ég er þakklátur fyrir þennan tíma og þykir mér ákaflega vænt um sveitarfélagið.

Ég óska íbúum sveitarfélagsins og öðrum er koma við sögu þess, alls hins besta og þakka fyrir samskiptin og samstarfið í gegnum þennan tíma. Sérstakar þakkir fær samstarfsfólk mitt. Sveitarstjórn og nýjum sveitarstjóra óska ég velfarnaðar. Þegar litið er yfir farinn veg kýs ég að láta ekki það sem miður hefur farið ræna mig svefni. Það sem er sveipað jákvæðni er efst í huganum á þessum tímamótum.

Góðar stundir
Kristófer Tómasson

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2021

Tæki félagsins eru í umsjá Einars Guðnasonar í Heiðarbrún og eru þau sótt og þeim skilað til hans. Sími 848 1619. Senda skal smáskilaboð til umsjónarmanns með tímafjölda notkunar strax við skil. Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna. Ætlast er til þess að tækjum sé skilað hreinum. Ef misbrestur er á því kemur til þrífagjald. Ef skemmdir verða á tækjum greiðist viðgerð af leigutaka.

| 2021 | | | | |
|-------------------------------------|-------|------|---|------------|
| Tæki | kr | @ | Ath: | |
| Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur | 3400 | klst | Lágmarksgjald 5000 | |
| Vendiplógur – opinn, 5 skera | 4500 | dag | + 500 kr/km | Keypt 2018 |
| Pinnatætari | 4400 | klst | | |
| Hnifataetari | 4400 | klst | | |
| Fjaðraherfi | 3100 | klst | Lágmarksgjald 5000 | Keypt 2021 |
| Hefill | 3500 | klst | Fyrstu 5 klst, síðan 2100. Lágmarksgjald 5000 | |
| Flag- og túnvaltari 6,3 m, | 5300 | klst | Fyrstu 5klst, síðan 2600 | |
| Valtari 2.75 m, | 2700 | klst | | Keypt 2020 |
| Slóði | 3500 | klst | | |
| Haugsguga 11,5 T | 17000 | dag | | Keypt 2019 |
| Haugsguga 15 T | 19000 | dag | | |
| Brunndæla | 4000 | klst | | |
| Rúlluvagn | 6300 | dag | +100kr/km Lágmarksgjald 11.000 | |
| Fjölnotakerra | 8400 | dag | Útanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 10000 | |
| 3ja hesta kerra | 7000 | dag | Útanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 9000 | |
| Athafnakerra | 7000 | dag | Útanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 9000 | Keypt 2018 |
| Klaufskurðarbás fyrir fé | 8400 | dag | | |
| Steypuvél | 160 | poka | Startgjald 6500 | |
| Staurabor | 4200 | klst | Lágmarksgjald 6300 kr | |
| Þyngdarklossi | 5500 | dag | | Keypt 2019 |
| Taðgreip | 8400 | dag | | Keypt 2019 |

Sveitahátíðin „Upp í sveit“ 18. – 20. júní 2021

Menningar- og æskulýðsnefnd, Heilsueflandi Uppsveitir og Þórður Ingvason, leigutaki í Árnesi, taka höndum saman og sjá um sveitahátíð dagana 18. – 20. júní í samstarfi við sveitarstjórn. Við förum í hreinsunarátak, skreytum hjá okkur, förum í gönguferðir, grillum, njótum tilboða hjá ýmsum aðilum, hlustum á lifandi tónlist, syngjum og sprellum.

Dagskráin er enn í mótun en stefnt er að því að hafa hana á svipuðum nótum og verið hefur og af fullum krafti með þá von í brjósti að veiran haldi sér vel í skefjum og að áframhald verði á tilslökunum. Kvennareiðtúrin viddfrægi verður þessa sömu helgi og stefnir í frábæra skemmtun reiðkvenna daginn þann.

Eins og verið hefur, verður sérstakt hreinsunarátak í sveitarfélaginu sem hefst 1. júní. Föstudagurinn hefst líklega með varðeldi og lifandi tónlist í Árnesi. Á laugardegnum verður allskonar dagskrá víða um sveit. Má nefna hluta af því sem þegar er ákveðið; hádegisverðartilboð á Brytanum í Árnesi, bændamarkaður verður á sínum stað í Árnesi, leikjabraut UMFÍ fyrir alla í fjölskyldunni á íþróttavellinum í Árnesi, froðurennibraut, gönguferð um ákveðið svæði með leiðsögn og að lokum skemmtidagskrá á Brytanum um kvöldið. Margt er sem sagt í deiglunni og gerum við okkur vonir um að allir finni dagskrá sem þeim líkar, ungir sem aldnir.

Sveitungar eru hvattir til að skreyta hjá sér í þeim litum sem við eiga:

| | |
|-------------------------------|--------|
| Skeiðin - Brautarholt: | gult |
| Skeiðin - dreifbýli: | rault |
| Gnúpverjahreppur - Árnes: | bleikt |
| Gnúpverjahreppur - dreifbýli: | blátt |

Það er von okkar að sveitungar og gestir þeirra, taki þátt í dagskránni af fullum krafti og gleðjist saman á nýjum og breyttum tímum. Fylgist vel með á íbúasíðunni og síðu sveitarfélagsins á Facebook og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Þeir sem hefðu hug á að vera með varning í bændamarkaðnum hafi samband hið fyrsta við Vilborgu Ástráðsdóttur í Skarði, sími: 863-9689.

Þeir sem eru með tillögur eða hugmyndir að einhverju áhugaverðu eða skemmtilegu, tilboðum eða hvaðeina sem á heima á hátíðinni hafið endilega samband við okkur á netföngum okkar; mennogaesk@gmail.com, heilsueflandi@uppsveitir.is eða arnesi@islandi.is.

Hlökkum til og vonumst til að allt gangi upp ☺
Menningar- og æskulýðsnefnd SkogGn.
Heilsueflandi Uppsveitir
Þórður Ingvason

Sumaropnun Sundlauga

Neslaug

Gildir frá 1. júní – 31. ágúst

| | |
|----------------------------|-----------|
| Priðjudaga | kl. 14-22 |
| Miðvikudaga | kl. 14-22 |
| Fimmtudaga | kl. 14-22 |
| Föstudaga | kl. 14-18 |
| Laugardaga og sunnudaga | kl. 10-18 |

Skeiðalaug:

Gildir frá 15. júní – 18. ágúst

| | |
|-------------|-----------|
| Mánudaga | kl. 18-22 |
| Miðvikudaga | kl. 18-22 |
| Fimmtudaga | kl. 18-22 |
| Föstudaga | kl. 18-22 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 11-16 |

Listasafn Árnesinga safnar upplýsingum um útilistaverk í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Nú stendur yfir skrásetning útilistaverka í Árnessýslu og stendur til að gera heildstæða skrá yfir listaverkin og jafnvel ratleik í framhaldið.

Listasafnið leitar því til íbúa hér í sveit, leynast hér útilistaverk?

Minnisvarðar um þekktu einstaklinga, afrek sveitunga eða stórvirki?

Útilistaverk geta verið gömul og ný, stórmerkileg eða minna merkileg!

Þess má geta að það er listfræðingur sem sér um verkefnið svo hægt er að fá menntað mat á það hvað er list...og hvað er alls ekki list!

Allar ábendingar eru vel þegnar og má senda á netfangið skeidgnup@skeidgnup.is

Kvennareiðtúrinn 19. júní 2021

Nefndin hefur fundað og ákveðið hvert skuli ríða þetta árið. Hist verður í Fossnesi kl 13.00 og verður riðið þaðan inn Fossneshaga, að Sneplafossi og um Ásólfstaðaskóg heim í Fossnes. Þetta eru um 4-5 tímar og er stefnt að mat um kl. 18. Gisting og heitur pottur í boði í Fossnesi fyrir þær sem vilja. Frekari upplýsingar í síma 486-6079 (Sigrún). Allar konur velkomnar. Nánar auglýst síðar.

Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps auglýsir eftir nýjum meðlimum til starfa veturinn 2021-2023

Ráðið er skipað fimm fulltrúum frá aldrinum 13-23 og er hlutverk ráðsins að sinna málum ungmenna í sveitarfélaginu ásamt því að starfa í samstarfi við önnur ungmennaráð nágrannasveitarfélaga sem og ungmennaráð á landsvísu.

Áhugasamir hafi samband við Ástráð í netfangið astradurun@gmail.com

Hvetjum sem flesta sem til að hafa samband!
Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá íbúum í sveitarfélaginu að vandræði hafa verið á kaldavatsveitu í Árnesi með reglulegum auglýsingum um lokun fyrir kalda vatnið. Á endanum fannst leki á lögninni undir Kálfá. Skipt var um lögn undir ánnir og látum við fylgja myndir af framkvæmdinni:

